

Lög

um

breytingu á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög.

Nr. 35.
3. nív.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir »1 króna, en annarstaðar 1 króna 50 aurar« í 2. gr. laganna komi:
2 krónur, en annarstaðar 2 krónur 25 aurar.

2. gr.

Fyrir »1200 kr.« í 3. gr. 2. c. komi:
1800 kr.,

og aftan við liðinn bætist:

»Sjúkrasamlag prentara í Reykjavík«, stofnað 1897, skal undanþegið þessu ákvæði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalfuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.